



Fundur í sveitarstjórn

62. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í íþróttahúsinu Veri Þórshöfn miðvikudaginn 5. apríl 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, nr. 848, dags. 24. mars 2017
2. Fundargerð 293. fundar stjórnar Eypings, dags. 15. mars 2017.
3. Fundargerð 32. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 30. mars 2017.
4. Fundargerð 2. fundar Menningar- og bókasafnsnefndar, 28. apríl 2017.
5. Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 3. maí 2017, fundarboð.
6. Erindi félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, dags. 20. mars 2017.
7. Austfjarðatröllið 2017, beiðni um styrk, dags. 27. mars 2017.
8. Bréf frá meðeiganda Fjarðarvegar 3, dags. 21. mars 2017.
9. Háls, umhverfismál.
10. Drög að ársreikningi 2016, lögð fram.
11. Nýbygging leikskóla – staða og næstu skref.
12. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundargerð:

1. Fundargerð 848. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 293. fundar stjórnar Eypings

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir bókun stjórnar vegna samgöngu-áætlunar 2015 – 2018, sérstaklega er tekið undir og áréttað mikilvægi þess að vegurinn um Brekkaheiði og Langanesströnd verði komið á framkvæmdaáætlun.

Samþykkt samhljóða.



3. Fundargerð 32. fundar stjórnar Samtaka sjávarútsvegssveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar

4. Fundargerð 2. fundar Menningar- og bókasafnsnefndar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Liður 1. Erindi frá Sveitarstjórn vegna bréfs frá EBÍ, dags. 23. febrúar 2017.

Bókun: Sveitarstjórn þakkar nefndinni álit er varðar umsóknir í styrktarsjóð EBÍ og mun fjalla um álit nefndarinnar þegar álit annarra nefnda liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

5. Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, dags. 20. mars 2017.

Lagt fram til kynningar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að vísa erindinu til Landbúnaðarnefndar til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

7. Austfjarðatröllið 2017, beiðni um styrk, dags. 27. mars 2017.

Fram er lagt erindi undirritað af Magnúsi Ver Magnússyni f.h. Félags kraftamanna, erindið varðar ósk um styrk í formi aðstöðu, matar og fjármuna.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar erindið, sér sér ekki fært að verða við ósk um fjárhagsstuðning en felur sveitarstjóra að ræða við Félag kraftamanna um mögulega aðstöðu svo sem svefnpláss.

Samþykkt. Siggeir, Björn og Halldóra sitja hjá.

8. Bréf frá meðeiganda Fjarðarvegur 3, dags. 21. mars 2017.

Fram er lagt erindi frá Nik Peros f.h. KNA Veitinga vegna viðhaldsframkvæmda að Fjarðarvegi 3, húseignar sem er að hluta í eigu Langanesbyggðar. Í erindinu kemur fram vilji til þess að láta mála eignina að utan. Áætlaður kostnaður er 2 millj. króna með upphaldi.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að greiða hlutdeild í kostnaði við málningu. Hlutdeild skal vera í samræmi við eignarhlut sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að finna fjárútlátum stað í bókhaldi og eftir atvikum að vinna viðauka við fjárhagsáætlun.

Samþykkt. Siggeir, Björn og Halldóra sitja hjá.



9. Háls, umhverfismál.

Fram eru lögð fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar frá 23. fundi nefndarinnar þann 14. mars s.l. Mál þetta er tekið til umfjöllunar á grunni samþykktar sveitarstjórnar á 61. fundi þann 16. mars s.l.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að ræða við Ísfélagið um frágang og uppgræðslu á svæði því er tilheyrir skelhaug. Einnig skal svæðið umhverfis lagað, þar er átt við svæði umhverfis skelhaug, geymslusvæði sveitarfélagsins í grjótnámu og svæði framan við námuna.

Samþykkt. Siggeir, Björn og Halldóra sitja hjá.

10. Drög að ársreikningi 2016.

Fram eru lögð til kynningar drög að ársreikningi vegna 2016. Fyrri umræða um ársreikninginn mun fara fram á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Til máls tók: Elías Pétursson.

11. Nýbygging leikskóla – staða og næstu skref.

Um árabíl hefur sveitarfélagið haft uppi áform um byggingu leikskóla, hlé var gert á undirbúningi nýbyggingar þegar ljóst varð að sveitarfélagið stæði frammi fyrir miklum og kostnaðarsömum framkvæmdum við húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

Undanfarið hefur, að frumkvæði meirihluta, staðið yfir mat á kostum þeim er áður hafa verið í umræðunni þ.e. hvort byggja skuli við húsnæði Grunnskóla Þórshafnar eða byggja á núverandi stað. Því mati er nú lokið.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að láta gera drög að hönnun og leggja fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi á fundi sveitarstjórnar þann 18. maí næst komandi.

Drög að hönnun skulu unnin á eftirfarandi forsendum.

Nýbygging skal vera á núverandi lóð Leikskólans Barnabóls og byggja skal við núverandi hús sem á lóðinni stendur. Hanna skal húsnæðið miðað við að í því verði reknar tvær leikskóladeildir, hönnun skal þó taka mið af því að mögulegt verði síðar að stækka húsið til að koma þar fyrir þriðju deildinni. Húsnæðið skal vera í takt við það sem gerist í sambærilegum húsum og skal gæta vel að vinnuástöðu, innivist og efnisvali. Miða skal við að leikskólinn rúmi 40 börn og að stærð húsnæðis sé sem næst 8,5 til 9,0 m² pr. barn. Miða skal við að kostnaður við byggingu, aðkomu og tengdar framkvæmdir verði nálægt 125 millj. króna.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir, Björn og Halldóra greiddu atkvæði á móti.

Halldóra lagði fram svohljóðandi bókun:



U-listinn harmar þessa stefnubreytingu sem orðið hefur. En hún er þvert á þær ráðleggingar sem sveitarfélagið hefur fengið. Nefnd á vegum sveitarfélagsins var búin að komast að þeirri niðurstöðu að það að byggja leikskólann við grunnskólann væri vænlegasti kosturinn fyrir sveitarfélag af okkar stærðargráðu. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við H.Í. og skólaráðgjafi Langanesbyggðar hefur talað fyrir því að byggja saman leik- og grunnskóla og rökstyður það í m.a. í minnisblaði dagsettu 7.9.2016.

12. Skýrsla sveitarstjóra.

Að frátöldum þeim verkefnum sem tíunduð eru hér að ofan þá hefur sveitarstjóri unnið að og eða tekið þátt í eftirfarandi, ekki er hér um tæmandi lista að ræða heldur tæpt á því helsta.

Sveitarstjóri og Þorsteinn Ægir sóttu landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga. Á þinginu var fjallað um stefnumörkun sambandsins og farið yfir árangursmat vegna þeirrar stefnumótunar. Einnig flutti Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðherra ávarp. Fram kom í máli hans að leggja þyrfti í sérstakt átak til að efla samgöngur á stofnæðum til og frá höfuðborgarsvæðinu og að talsverðu hafi verið bætt við framlög til samgöngumála á fjárlögum þessa árs. Ekki mátti skilja á ráðherra að hann væri að horfa mikið til samgöngubóta í okkar landshluta. Okkur þótti ræða ráðherra og þær áherslur sem þar birtust lítt ásættanlegar hvað varðar hagsmuni okkar svæðis.

Sveitarstjóri sótti málþing um áhrif hönnunar á heilnæmi bygginga. Fyrirlesarar voru starfsmenn EFLU og var fjallað um málefni sem snúa að bættri líðan í húsbýggingum. Fjallað var um tengsl rakaskemmda og heilsufars ásamt mikilvægi góðrar loftræstingar og hljóðvistar. Einnig var rætt um reglulegt viðhald mannvirkja til að sporna við skemmdum. Málþingið var fróðlegt og að mati sveitarstjóra gagnlegt.

Þriðjudaginn 28. mars fundaði sveitarstjóri ásamt oddvita með fulltrúa Svalbarðshrepps og fulltrúum úr stjórn eldri borgara. Fundurinn var í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar á síðasta fundi. Fundurinn var mjög góður og upplýsandi. Félagið setti fram sjónarmið sín varðandi félagsaðstöðu og fleiri mál. Nú er unnið að úrvinnslu hugmynda sem fram komu og verður fundað aftur fljótlega.

Samskipti hafa verið í gangi vegna byggðakvóta og sértæks byggðakvóta á Bakkafirði, staða í þeim málum er frekar þröng og málið erfitt úrlausnar. Áhyggjum sveitarstjórnar vegna stöðunnar hefur verið komið á framfæri.

Unnið hefur verið áfram að áætlunargerð vegna ljósleiðaravæðingar, fundað hefur verið með símafyrirtæki og velt upp ýmsum möguleikum varðandi að geta tengt sem flesta bæi á sem hagkvæmastan hátt. Stefnt er að því að kynna mögulega áfangaskiptingu og kostnað fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.



Áfram hefur verið unnið að málum tengdum Finnafirði, þar ber hæst hagsmunagæslu er varðar stofnun fyrirtækja tengdum verkefnum, framundan eru fundir með bremenport, lögfræðingum og samstarfshópi sveitarfélaganna.

Unnið er að útfærslu hugmynda um varmadæluvæðingu íþróttamiðstöðvar í samræmi við umræður þar um og styrkveitingu sem fékkst í verkefnið. Stefnt er að því að leggja útfærða möguleika fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:51.